

Alþingi
Erindi nr. P 135/2314
komudagur 21.4.2008

Reykjavík 20.04.08

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn stjórnar Dýralæknafélags Íslands vegna 524. máls, þ.e. frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES reglur, breyting ýmissa laga

Stjórn DÍ gerir eftirfarandi athugasemdir:

35. grein:

Stjórn DÍ er samþykkt því sjónarmiði að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu m.t.t. vanhæfis- og samkeppnissjónarmiða, **enda njóti héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, sérgreinadýralæknar og aðrir dýralæknar helgunarálags vegna þessa, þ.e. að réttur og atvinnufrelsi verði ekki skert án bóta.**

Varðandi störf eftirlitsdýralækna, þá er minnt á að í bréfi yfirdýralæknis dags. 11. nóvember 2000 segir eftirfarandi: “yfirdýralæknir hefur ávallt skilgreint starf þessara dýralækna (þ.e.a.s. eftirlitsdýralækna) á þann veg að þeir mættu eingöngu sinna eftirlitsstörfum á skilgreindum vinnutíma sínum. Hvað þeir gerðu utan skilgreinds vinnutíma væri þeirra mál. Á þeim tíma mættu þeir sinna almennum dýralækningum og taka vaktir eins og hver annar dýralæknir”.

Í skýringum með 35. gr. er vísað til skuldbindinga skv. alþjóðlegum samningum hvað varðar aðskilnað á eftirliti og þjónustu. Hér er væntanlega vísað til EES samningsins. Stjórn DÍ vekur athygli á að skv. reglum Evrópubandalagsins er ekki tekið fram í skilgreiningu á opinberum eftirlitsdýralæknum (“official veterinarian”) að slíkir skuli vera í fullu starfi eða megi ekki sinna öðrum störfum.

Einnig er vakin athygli á að sjálfstætt starfandi dýralæknar innan EB geta aflað sér auka menntunar í eftirlitsstörfum (“approved veterinarian”) og er þá heimilt að taka að sér opinber eftirlitsstörf í hlutastarfi undir ákveðnum forsendum. Þar er átt við t.d. fjósaskoðun og skoðun gripa heima á bæjum áður en þeir fara til slátrunar.

Til frekari upplýsinga vísar stjórn DÍ til reglugerðar (EC) 882/2004 (almenn regla um öll matvæli, dýraheilbrigði, dýravernd, fóður og að eftirlitsaðili skuli óháður) og reglugerðar (EC) 853/2004 og (EC) 854/2004, þ.e. sértækar reglur um matvæli úr dýraríkinu og eftirlit með þeim, þar sem m.a. er fjallað um störf dýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og þjónustu í hlutastörfum (“approved veterinarian”).

Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á að héraðsdýralæknum, eftirlitsdýralæknum, sérgreinadýralæknum og öðrum dýralæknum sem starfa hér á landi verði ekki settar takmarkanir á atvinnufrelsi umfram þau ákvæði sem er að finna í lögum og reglum EB um störf dýralækna.

36. grein:

Samkvæmt frumvarpinu verður ekki um að ræða skipulagðar vaktir vegna almennrar þjónustu við dýraeigendur á þéttbýlli svæðum landsins, Gullbringu- og Kjós, Skagafirði, Eyjafirði og Suðurlandi. Þetta er rökstutt í greinargerðinni "... ekki er því ástæða til að skipuleggja og greiða fyrir slíka þjónustu þar sem starfandi dýralæknar sinna þessari þjónustu í dag á markaðslegum forsendum"

Þetta telur stjórnin vera ranga staðhæfingu, því í dag er greitt fyrir allar bakvaktir á þessum svæðum, bæði á dagvinnu- og eftirvinnutíma. Sjálfstætt starfandi dýralæknar á þessum svæðum telja ekki neinar markaðslegar forsendur fyrir því að halda úti bakvakt á kvöldin og um helgar, ef ekki fæst greitt fyrir þær frá hinu opinbera. Ef greiðsla bakvakta frá hinu opinbera fellur niður þarf að fjármagna bakvaktirnar á annan hátt, eða sleppa þeim. Um leið og vaktagreiðslu falla niður, fellur einnig niður skylda dýralækna á svæðinu til að taka þátt í vöktum og skipuleggja þær.

Samkvæmt frumvarpinu verða engar bakvaktir á ofangreindum svæðum greiddar af hinu opinbera. Mikilvægt er að gera sér glögga grein fyrir mögulegum afleiðingum þessa.

Afleiðingar gætu orðið þessar:

1. Veruleg hækkun gjaldskrár, misjafnt eftir svæðum, gæti verið um 30 % hækkun að jafnaði. Þannig fellur aukinn kostnaður á bændur og aðra dýraeigendur og mismunun verður í kostnaði eftir svæðum. Afleiðingar þessa geta orðið að bændur og aðrir dýraeigendur veigri sér við að leita til dýralækna vegna kostnaðar og að slíkt ástand bitni á velferð dýra, en einnig ímyndar landbúnaðarafurða og tiltrú neytenda. Jafnframt þarf að huga að samkeppnis-sjónarmiðum á milli dýralækna, það getur ekki verið rétt að t.d. dýralæknar sem að sinnir viðskiptavinum bæði í S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði skuli mismunað hvað varðar bakvaktargreiðslu eftir því hvort viðkomandi dýralæknir er búsettur í Eyjafirði eða S-Þingeyjarsýslu. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu og samræmist ekki samkeppnislögum.
2. Takmarkaðar bakvaktir.
 - a. Eingöngu fyrir viðskiptavinum gæludýra. Vegna sífellt meiri sérhæfingar sinna smádýralæknar ekki stórum dýrum, s.s. hestum, nautgripum og sauðfé. Þessir dýralæknar hafa hvorki lyf, tæki né áhöld til að sinna útköllum vegna stærri dýra. Þetta á helst við í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, en bakvakt vegna hesta yrði líklega haldið úti á höfuðborgarsvæðinu á annatíma, en líklega ekki þess utan, s.s. á Suðurnesjum.
 - b. Árstíðabundnar bakvaktir. Dýralæknar gætu tekið þann kostinn að halda úti bakvakt á álagstímum, þannig að útköll stæðu undir bakvaktagreiðslum og sleppt bakvöktum á öðrum árstímum þegar færri útkalla er að vænta.

- c. Að utan almenns vinnutíma verði engar skipulagðar vaktir og undir hælinn sett hvort næst til dýralæknis eða ekki vegna bráðatilfella.

Dýralæknafélag Íslands hefur alla tíð lagt á það mikla áherslu að réttur dýra og/eða dýraeigenda til að hafa aðgang að dýralæknaþjónustu verði tryggður í lögum á grundvelli **dýraverndarsjónarmiða**, þ.e. að dýralæknir sé ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra, sama hværrar tegundar.

Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á að það verði eftir sem áður samfélagslegt verkefni að skipuleggja og greiða fyrir bakvaktir um land allt þannig að bændur og aðrir dýraeigendur njóti jafnræðis hvað varðar þessa grunnþjónustu, óháð búsetu.

Þess er krafist að sjálfstætt starfandi dýralæknum verði ekki mismunað eftir búsetu hvað varðar greiðslu fyrir bakvaktir.

37. grein:

Stjórn DÍ bendir á að það er afar mikilvægt að sem allra fyrst verði hafist handa við gerð reglugerðar þeirrar sem ætlað er það mikilvæga hlutverk að tryggja dreifðum byggðum þjónustu dýralækna. Reglugerðinni er ætlað að mæla fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Tafir og óvissa hvað þetta varðar skapar mikla óvissu hjá þeim dýralæknum sem eru að veita þessa mikilvægu grunnþjónustu í dag. Reynslan segir okkur að hætta er á að dýralæknar hverfi til annara starfa innanlands sem utan þegar starfsumhverfi dýralækna er sett í uppnám með þessum hætti (sbr. reynsluna fyrir og eftir breytingu á lögum um dýralækna árið 1998).

Stjórn DÍ hefur þungar áhyggjur af því dýralækar hverfi úr störfum í strjálbýli og að erfitt verði að manna stöðurnar í ljósi þeirrar óvissu sem umrætt frumvarp hefur þegar skapað.

38. grein:

Farið er fram á að fallið verði frá breytingu á nógildandi lögum hvað varðar ákvæði um “sérmenntaða” dýralækna. Greinin hæfist þá “Matvælastofnun skal ráða **sérmenntaða sérgreinadýralækna** meðal annars ...

Einnig er farið fram á að bætt verði við “**gæludýrasjúkdóma**” í upptalningu um störf sérgreinadýralækna. Þjónusta við gæludýr er ört vaxandi svið dýralækninga og afar mikilvægt að Matvælastofnun rækti skyldur sínar við eigendur gæludýra til jafns við eigendur annara dýra.

Eins og fram kemur undir athugasemdum við 35. gr. frumvarpsins, þá er stjórn DÍ samþykkt því sjónarmiði að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu m.t.t. vanhæfis- og samkeppnissjónarmiða, **enda njóti viðkomandi dýralæknir helgunarálags vegna þessa, þ.e. að réttur og atvinnufrelsi verði ekki skert án bóta.**

Í niðurlagi 38. greinar er sérgreinadýralæknum bannað að stunda ráðgjöf og almennar dýralækningar á sínu sérsviði og á öðrum þeim sviðum þar sem Matvælastofnun sinnir opinberu eftirlit. Hér er um að ræða víðtæka skerðingu á atvinnufrelsi sem verður að mæta með helgunarálægi eða öðrum bótum.

Stjórn DÍ vekur athygli Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar á meðfylgjandi fylgiskjölum þar sem fram koma athugasemdir, ábendingar og mótmæli, þ.e. erindi dags. 14. apríl s.l. frá átta starfandi eftirlitsdýralæknum, erindi dags. 15. apríl s.l. frá fjórum starfandi sérgreinadýralæknum og mótmæli frá fundi héraðsdýralækna þann 16. apríl s.l.

Þá ítrekar stjórn DÍ ósk sína um breytingu á 18. grein laga um dýralækna er fjallar um leyfissviptingu. Greinina þarf að endursemja, lagt er til að hún verði svohljóðandi:

“Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri heilsu, misnotkunar vimuefna eða hann vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann og greina ráðherra frá málavöxtum. Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi skal þá ráðherra leita álits dýralækna ráðs áður en hann ákveður að svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.”

Að lokum:

Stjórn DÍ lýsir yfir vilja til að eiga gott samstarf við Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd og veitir fúslega nánari upplýsingar eftir því sem nefndin óskar.

F.h. stjórnar DÍ

Sif Traustadóttir
formaður

Fylgiskjöl

1. Erindi Héraðsdýralækna
2. Erindi Eftirlitsdýralækna
3. Erindi Sérgreinadýralækna

Stjórn Dýralæknafélags Íslands
Jónsgeisla 95
113 Reykjavík

Reykjavík 14. apríl 2008

Undirritaðir starfandi eftirlitsdýralæknar óska eftir að stjórn Dýralæknafélags Íslands komi á framfæri áhyggjum og mótmælum okkar vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr þar sem gert er ráð fyrir að svipta eftirlitsdýralækna leyfi til að stunda almennar dýralækningar.

Í 35 gr. breytingartillögu á umræddum lögum í frumvarpi til laga, sem lagt er fyrir 135. löggjafarþing, segir “ráðherra má, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., heimila með reglugerð opinberum eftirlitsdýralæknum að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur”.

Í athugasemd um 35. grein segir „jafnframt er það nýmæli að ráðherra er heimilt með reglugerð að leyfa opinberum eftirlitsdýralæknum að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur”. Hér virðist gæta þess misskilnings að eftirlitsdýralæknar hafi hingað til ekki haft leyfi til að sinna almennri dýralækniþjónustu við dýraeigendur.

Bent er á að í 4. mgr. 11. gr. núgildandi laga nr. 66/1998 segir eftirfarandi, “héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmis sinna eingöngu eftirlitsstörfum”. Í 5. mgr. 11. gr. segir “heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf”.

Hér er hvergi minnst á að eftirlitsdýralæknar megi ekki stunda almennar dýralækningar og var þetta staðfest af yfirdýralækni í bréfi sem hann sendi frá sér þann 11. nóvember árið 2000 þar sem m.a. er fjallað um erindisbréf eftirlitsdýralækna. Þar segir “yfirdýralæknir hefur ávallt skilgreint starf þessara dýralækna (þ.e.a.s. eftirlitsdýralækna) á þann veg, að þeir mættu eingöngu sinna eftirlitsstörfum á skilgreindum vinnutíma sínum. Hvað þeir gerðu síðan utan skilgreinds vinnutíma síns væri þeirra mál. Á þeim tíma mættu þeir sinna almennum dýralækningum og taka vaktir eins og hver annar dýralæknir”.

Það eru því ekki aukin réttindi fólgin í því að ráðherra geti veitt eftirlitsdýralæknum undanþágu til að stunda almennar dýralækningar líkt og kveðið er á um í umræddu frumvarpi heldur er það nýbreytni að til þess þurfi þeir sérstaka undanþágu ráðherra. Hér er því augljóslega um sviptingu á atvinnuréttindum að ræða sem leiðir til verulegrar heftingar á starfsfrelsi og mögulegrar tekjuskerðingar.

Við þessar breytingar mun vinnuveitandinn helga sig starfsmanninn utan skilgreinds vinnutíma. Það er því augljóst að eftirlitsdýralæknar eiga kröfu á leiðréttingu á launum, helgunarálag, komi til þessa.

Undirritaðir eftirlitsdýralæknar vilja einnig benda á að hvergi í breytingatillögum á lögum nr. 66/1998 er rætt um störf dýralækna sem stunda almennar dýralækningar annan daginn og eftirlitsstörf fyrir Matvælastofnun hinn daginn. Hér er um augljósa mismunun að ræða og hugsanlegt um brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskráinnar.

Virðingarfyllst

Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis
Ármann Gunnarson, eftirlitsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis
Bára Eyfjörð Heimisdóttir, eftirlitsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis
Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis
Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis
Janine Arens, eftirlitsdýralæknir Suðurlandsumdæmis
Ni Nyoman Wija Ariyani, eftirlitsdýralæknir Suðurlandsumdæmis
Ragnhildur Ásta Jónsdóttir, eftirlitsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis

15. apríl 2008

Til stjórnar DÍ
c/o Sif Traustadóttir

Málefni: Breyting á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr

Þar sem við höfum fregnað að stjórn DÍ sé boðuð á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á morgun, 16. apríl, förum við þess á leit að fulltrúar stjórnar komi eftirfarandi athugasemdum á framfæri ef þess gefst nokkur kostur:

Við undirrituð sérgreinadýralæknar hjá Matvælastofnun (MAST) mótmælum fyrirbyggjandi breytingum á 14. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, eins og fram kemur í 38. gr. þingskjals nr. 825 (svokölluðum bandormi).

Í frumvarpinu er lagt til að þeirri nýjung verði komið á að sérgreinadýralæknar skulu ráðnir án þess að tilgreina sérstaklega á hvaða sérsviði þeir starfa, eða eins og segir í greinargerð: „Í stað þess að tilgreina á hvaða sérsviði viðkomandi dýralæknar starfa er nú lagt til að Matvælastofnun ráði sérgreinadýralækna og hafi tækifæri til breytinga á verkaskiptingu milli þeirra.“ Í ljósi þessarar nýbreytni sjáum við okkur knúin til að mótmæla kröftuglega niðurlagi síðustu setningar 14. gr., sem hljóðar: „Sérgreinadýralæknum er óheimilt að stunda ráðgjöf og almennar dýralækningar á sínu sérsviði og á öðrum sviðum þar sem Matvælastofnun sinnir opinberu eftirliti.“

Með nýrri áherslu í ráðningu sérgreinadýralækna, eins og lýst er hér að ofan, gefur augaleið að þeir eru skuldbundnir til að taka að sér eftirlitsstörf á öllum sviðum MAST. Með þessum orðum má segja að sérgreinadýralæknar séu með öllu dæmdir úr leik hvað varðar almenn störf dýralækna á hvaða sviði sem er. Það hlýtur að orka tvímælis, jafnvel skýrt brot á rétti hvers einstaklings, að hægt skuli vera að taka þann rétt af dýralækni án þess að bæta upp með einhvers konar helgunarálagi á laun.

Virðingarfyllst;

Gísli Jónsson
Hrund Lárusdóttir
Björn Steinbjörnsson
Sigríður Björnsdóttir

4
"Fundur héraðsdýralækna haldinn að Borgartúni 6 í Reykjavík 16. apríl 2008 mótmælir
hæðlega fyrirhugaðum breytingum á störfum og starfsumhverfi héraðsdýralækna.
Starfsbrygði héraðsdýralækna er stefnt í hættu með þessum breytingum. Allt er óljóst
með ný störf sem hugsanlega verða í boði, s.s. staðarupphætur, starfsaðlöðu og greiðslu
ferðakostnaðar. Í annan stað verður ekki séð að héraðsdýralæknum standi til boða
sambærileg störf. Á fundi stjórnsýslu Eyrvaldatrasfélags Íslands með lundlöndar-, og
sjávarútvegsmáttal Alþingis fyrr í dag kom fram í milli ráðuneytisjóra að eum eru ekki
kannar fram mótáðar tillögur í þessum eðnum. Ráðuneytið og Matvælastofnun eða sér
eitt og hlíft ár til að koma með mótáðar tillögur. Þetta er óáskatunlegt. Héraðsdýralækna
hafa mátt búa við miltar og órar breytingar á sínum störfum og starfsumhverfi
undanfengin ár.

Héraðsdýralækna gera kröfu til þess að ráðuneytið og Matvælastofnun hefji nú þegar
viðræður við héraðsdýralækna um fyrirtilmál þessara breytinga. Það er ólíkandi að
þurfa að búa við óvissu um þróun þessara mála. Þent er á að héraðsdýralækna starfa
flóttir í hárdum þæ sem ævinnuflit er einleitt og þrest. Allar breytingar á
starfsáðugum eru því séstaklega viðvermar og orfláar."

